



Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Fjarðabyggð, 28.04.2023
Tilvísun 1706148/13.9

Útstreymisbókhald fyrir árið 2022

Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 990/2008 um útstreymisbókhald ber fyrirtækum sem falla undir I. viðauka í reglugerð (EB) nr. 166/2006 að skila til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá hverri starfsstöð fyrirtækisins, þar sem losun efna frá starfsstöðinni er yfir þeim mörkum sem tilgreind eru í II. viðauka í reglugerð (EB) nr. 166/2006.

Urðunarstaður Fjarðabyggðar í Þernunesi fellur undir viðauka I og hefur áætlaða heildarafkastagetu 63.000 tonn og tekur við um 7 tonnum á dag. Urðunarstaðurinn uppfyllir því þröskuldsgildi fyrir heildarafkastagetu.

Til að meta magn metans sem myndast á urðunarstaðnum var notað úrgangslíkan frá IPCC 2006. Fyllt var út í líkan með magni úrgangs sem urðað var frá árinu 1997 til ársins 2017. Skv. líkaninu er myndun metangass á urðunarstaðnum 0,09 Gg eða 90.000 kg á árinu 2017. Losun er því undir viðmiðunargildi fyrir losun í II. viðauka í reglugerð (EB) nr. 166/2006.

Reglubundið eftirlit er með sigvatni skv. starfsleyfi urðunarstaðar. Mæliniðurstöður úr sýnatöku sem fór fram í september 2022 eru meðfylgjandi. Rennslismælingar eru við útrásina í Miðdal og hefur rennslið verið um 7 l/s að meðaltali síðustu ár. Ef það rennsli er notað til að meta magn mældra efna á árinu 2022 kemur í ljós að losun efna sem greind eru skv. starfsleyfi eru ekki yfir viðmiðunargildum í II. viðauka í reglugerð (EB) nr. 166/2006.

Losun efna sem mæld hafa verið frá urðunarstaðnum eru ekki yfir þeim mörkum sem tilgreind eru í II. viðauka í reglugerð (EB) nr. 166/2006 svo ekki er fyllt út í útstreymisbókhald sem er meðfylgjandi.

Virðingarfyllst,

Íris Dögg Aradóttir
Verkefnastjóri á framkvæmdasviði

Meðfylgjandi:
Rannsóknarniðurstöður Matís Örverurannsóknir
Rannsóknarniðurstöður frá ALS dag. 12. Október 2022